

147. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
10. 1. 2024 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Ingunn Jónsdóttir, Lilja Jóhannsdóttir, Lind Völundardóttir, Sindri Örn Elvarsson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Bjarni Guðmundsson og Huguín Harpa Reynisdóttir

Fjarverandi: Þórgunnur Torfadóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Kristján Sigurður Guðnason.

Rekstraráætlun 2024

Uppfærð drög að rekstraráætlun NP fyrir árið 2024 lágu fyrir fundinum. Huguín Harpa fór yfir þær breytingar sem höfðu orðið á drögum frá síðasta fundi en áætlunin gerir ráð fyrir ráðningu þriðja starfsmanns í 75% stöðugildi verkefnastjóra. Stjórn samþykkir rekstraráætlun.

Starfsmannamál

Huguín Harpa fór yfir helstu forsendur varðandi ráðningu þriðja starfsmanns í tímabundið hlutastarf hjá setrinu. Forstöðumaður hefur átt samtal við fulltrúa Sveitarfélagsins um mögulegt samstarfsverkefni, verði af því verkefni gæti skapast svigrúm til að ráða í fullt stöðugildi við setrið. Ákveðið að auglýsa nýja stöðu um leið og niðurstaða verður komin í málið en ekki síðar en í febrúar.

Samstarf við HEA Söderhamn og Nordfjord Akademiet

Huguín Harpa sagði frá vinnu setursins við gerð umsóknar til Nordplus. Sú umsókn er unnin í samstarfi við góða samstarfsaðila setursins í Söderhamn í Svíþjóð og nýja samstarfsaðila í Nordfjord í Noregi. Verkefnið fjallar um málefni ungs fólks í dreifðum byggðum og felur meðal annars í sér rannsókn á viðhorfi ungmenna til samfélags og búsetu á landsbyggðinni.

Verkefni vorsins

Huguín Harpa fór yfir helstu verkefni vorsins. Áfram verður unnið að verkefninu Hornafjörður náttúrulega og verkefnum byggðarþróunarfulltrúa SASS. Umsóknaskrif fyrir fjölþjóðleg samstarfsverkefni, vinna að gæðamálum setursins, endurnýjun samnings við HVIN og samstarfshópar stoðanna eru meðal þeirra verkefna sem unnið verður að.

Önnur mál

Huguín Harpa lagði til tímasetningu fyrir ársfund setursins, stefnt er að því að halda fundinn 18. apríl.

Fundi slitið klukkan 9:10

Eyrún H. Ævarsd
Huguín Harpa Reynisd.